

**KJARVAL**

**43% afsláttur**

**789 KR. KG**  
Ungnautahakk

**35% afsláttur**

**584 KR. KG**  
Móa kjúklingur ferskur

**25% afsláttur**

**2916 KR. KG**  
SS Grand orange lambafille

**20% afsláttur**

**398 KR. PK**  
Grillborgari með brauði 4 stk

**30% afsláttur**

**389 KR. KG**  
Goða súpukjöt

**25% afsláttur**

**1984 KR. KG**  
Goða lambalærissneiðar piparmarenering

**25% afsláttur**

**1399 KR. KG**  
SS kryddlegnar reyktar grísaakófilettur

**399 KR. PK**  
Fermers hnetur 3 tegundir

**299 KR. PK**  
Cherrios 397 g

**359 KR. PK**  
Freyju gaman saman

**279 KR. STL.**  
Ferskur ananas

**395 KR. PK**  
BKI Classic kaffi

**- Þín tilboð í Kjarval -**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

## Afmæli

Þann 23. maí nk. verð ég 60 ára. Af því tilefni mun ég og fjölskylda mín taka á móti öttingum og vinum á Ströndinni í Víkurskála frá kl. 20 að kvöldi afmælisdagsins.

Ögmundur Ólafsson

## Aðalsafnaðarfundur Reynissóknar

Verður haldinn í Reyniskirkju  
mánudaginn 26. maí n.k. kl. 20:30

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál.

Sóknarnefnd.

SMÁUGLYSINGAR

## Höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð

Verð á Klaustri laugar-  
daginn 24. og sunnudaginn  
25. maí

Áhugasamir pantið tíma í  
síma 587-2999 eða 866-0474.

Kveðja, Sigrún Inga



## Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

er boðuð til fundar fimmtudaginn 22.  
maí 2008 kl. 16:00 á skrifstofu  
hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Dagskrá fundarins má finna á auglýs-  
ingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef

Mýrdalshrepps [www.vik.is](http://www.vik.is)

Sveitarstjóri



## Heimaþjónusta í Mýrdalshreppi

Laust er til umsóknar 25% starf í  
heimaþjónustu frá 1. júní nk.

Laun samkvæmt kjarasamningi LN og FOSS

Nánari upplýsingar veitir undirrituð í síma  
487-1210 eða á skrifstofunni.

Helga Halldórsdóttir skrifstofustjóri

## Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson  
tannlæknir verður á  
Heilsugæslustöðinni í Vík  
mánudaginn 26. maí

Tímá pantanir  
í síma 480 5340

21. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 21. MAÍ 2008



Fv. Magga Steina, Brandur, Hafsteinn og Brynja Guðjónsbörn, Hrönn Brandsdóttir, Anna Björnsdóttir formaður flýgilstjórnar, Helga Viðarsdóttir gjaldkeri og Kristín Ragnarsdóttir

Í desember 2007 fagnaði Anna Björnsdóttir 60 ára afmæli sínu og af því tilefni ákvað hún að stofna sjóð, sem hefur það að markmiði að fjármagna kaup á flygli fyrir okkur Mýrdælinga.

Þann 14. maí s.l. var svo flygilsjóðnum færð góð gjöf til minningar um Guðjón Þorsteinsson en hann var mikill áhugamaður um tónlist og tónlistarlíf.

Það var eiginkona Guðjóns, Hrönn Brandsdóttir sem færði sjóðnum hundrað þúsund krónur í tilefni af því að hann hefði orðið átræður þann 14. maí 2008 ef hann hefði lifað.

Að sögn Helgu Viðarsdóttir, sem er ein af stjórnarkonum sjóðsins hafa þegar safnast 365.000 kr.

*Mynd og texti Jónas Erlendsson*

### Hreinsunarátak

Eins og kom fram í auglýsingu í síðasta Vita, stendur nú yfir hreinsunarátak í Mýrdalshreppi. (Hófst um miðjan maí og stendur út júní.) Þar sem gámaþjónusta verður niðurgreidd um 50% í þessu átaki má reikna með að mörgu verði hent, t.d. ýmsum vélum og tólum og tækjum. Þarna gæti verið um að ræða ýmislegt sem geymir merka sögu og hefur því menningar- og sögulegt gildi. Ef um slíka hluti er að ræða, ættu menn að hafa samband við Sverri Magnússon, í Skógasafni.

Þó svo að Samgöngusafnið búi ekki

yfir miklu geymslurými í dag, stendur það vonandi til bóta. Safnið hefur víða tekið geymslurými á leigu til bráðabigða. Hugsu mætti sér að maður frá Safninu færi um og liti á það sem í boði er; gamla bíla, sæmilega heillega og allskyns gamlar vélar, t.d. sem eru yfir hálftrar aldar gamlar, en eins og flestir vita hefur orðið gífuleg endurnýjun á vélakosti bænda á stuttum tíma og allt geymir þetta mikla þróunarsögu. En endilega hafa samband við Sverri áður en hent er hlutum, sem hugsanlega gæti haft sögu eða menningarlegt gildi, síminn í Safninu er

487 8845. E.



## Fundur um markaðs- og kynningarmál

Boðað er til fundar um markaðs- og kynningarmál í Leikskálum **í dag miðvikudaginn 21. maí kl. 15:30.**

Tilgangur fundarins er að kanna hvort áhugi sé meðal hagsmunaaðila í Mýrdalshreppi að taka höndum saman um markaðs- og kynningarmál. Allir eru velkomnir.

Á fundinn mæta fulltrúar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Atvinnumálanefnd Mýrdalshrepps

## Eurovision stemming á Halldórscaffi

*Verðum með tilboð á mat bæði á fimmtudagskvöld þegar Ísland keppir í Eurovision og einnig á laugardagskvöldið þegar aðalkeppnin er.*

*Við vonumst auðvitað öll eftir því að Ísland komist áfram.*

Síðan eftir keppnina á laugardagskvöldið ætla svo **Tveir Snafsar** að halda uppi stemmingunni fram eftir nóttu.

Reynum öll að mæta og skapa smá stemmngu.

## Eurovision party ...

*Verðum með opið hús frá kl. 18:00 laugardaginn 24. maí,*

Eurovision keppnin á breiðtjaldi

Gandalabarinn opinn (Skjólhaus á tilboði)

Hótel Dyrhólaey





## Reiðskólinn í Skálakoti 2008

Jæja krakkar nú styttist í reiðskólann. Reiðskólinn verður dagana **7. júní til 13. júní n.k.** í Skálakoti svo er reiðskólasýningin **14. júní** og glens og gaman.

Kennarar í ár eru Halldóra Gylfadóttir og Anki. Allir krakkar frá 6 ára aldri (fædd 2002) og eldri mega taka þátt.

Verð á mann er kr. 5000.- en krónur 4.500.- fyrir félagsmenn Sindra. Svo er fjölskylduafsláttur krónur 500.- á annan aðilann í fjölskyldunni og krónur 800.- á hvern aðila fjölskyldunnar eftir það. Stakur tími kostar 1.000.- krónur.

**Skráningar eru hafnar hjá Halldóru (Dóru) á e-mailið: [dorag@hive.is](mailto:dorag@hive.is) eða í síma 895-5738. Skráningu lýkur miðvikudaginn 4. júní.**

*Með kveðju, reiðskóla- og æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra*

## Eurovisionteiti á Halldórskaffi

2 Snafsar eru búnir að dusta rykið af Eurovisionlögnum og ætla enn eitt árið að halda uppi dansi og söng á Halldórskaffi laugardaginn 24. maí.



Fjórið byrjar uppúr 23.00 og kostar 1000 krónur inn



**Að þessu sinni fylgir 1 snafs með hverjum keyptum miða á meðan birgðir endast !**

**Sjáumst öll á kaffinu !!!**



## Reiðskólinn í Vík 2008

Jæja krakkar þá er komið að reiðskólanum. Reiðskólinn í Vík verður eins og áður hefur komið fram **1.-7. júní n.k.** og svo er reiðskólasýningin okkar **8. júní.**

Kennarar í ár eru Vilborg Smáradóttir og Óskar Sigurður Þorsteinsson auk aðstoðarmanna. Allir krakkar frá 6 ára aldri (fædd 2002) og eldri mega taka þátt.

Í ár gerum við einnig meira út á fullorðins hópinn sem er óðum að mannast, við hugsum okkur að vera með hálfgerð hræðslupúkanámskeið þar sem Óskar og Vilborg skipta liði og eru með hvor sínum hópnum, hugaðir og minna hugaðir svo fólk getur hellt sér í hestamennskuna á sínum hraða. Við hvetjum því alla sem minnstan áhuga hafa á, að koma til okkar a.m.k eitt skipti til að prófa, alveg sama þó kjarkurinn sé ekki að láta á sér kræla. Hestakosturinn okkar er mjög góður og öruggur og fátt er skemmtilegra en að ríða út í veðursældinni á sumarkvöldum.

Verð á mann er kr. 5000.- , en krónur 4.500.- fyrir félagsmenn Sindra. Svo er fjölskylduafsláttur krónur 500.- á annan aðilann, krónur 800.- á hvern aðila fjölskyldunnar eftir það. Stakur tími kostar 1.000.- krónur.

**Skráningar eru hafnar hjá Vilborgu á e-mailið: [isbud@simnet.is](mailto:isbud@simnet.is) eða í síma: 867-1486 og hjá Óskari í síma: 866-1021. Skráningu lýkur miðvikudaginn 28. maí.**

*Með kveðju, reiðskóla- og æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra*



## Jr bókhald ehf á Hvolsvelli er umboðsaðili fyrir Vörð tryggingar hf.

Vörður tryggingar hf leggur áherslu á einfaldar og öruggar tryggingar á hagstæðu verði og bjóðum við upp á heildartryggingalausnir.

Verið velkomin til okkar eða hafið samband og við skoðum heildarpakkann saman.



Ragnhildur, Elísabet og Ólafía

Sími: 487-8404 [www.vordur.is](http://www.vordur.is)

[ragnhildur@vordur.is](mailto:ragnhildur@vordur.is) [elisabet@vordur.is](mailto:elisabet@vordur.is) [lolly@vordur.is](mailto:lolly@vordur.is)

### Héraðsbókasafn V-Skaft. Ránarbraut 1, Vík

Vegna tölvuskráningar safnsins er nauðsynlegt að fá inn allar þær bækur sem eru í útláni.

Síðasti skiladagur  
er miðvikud. 4.júní.

*Safnið verður lokað í  
sumar.*

Bókavörður

### Syngjandi sæla og gleði.

*Nú fær bölsýnin á baukinn....*

Örn Árnason og Óskar Pétursson leika á alls oddi með skemmtun og söng:  
Félagsheimilinu Kirkjuhvoli Klaustri  
29. maí og  
Félagsheimilinu Leikskálum, Vík  
30. maí næstkomandi.

Undirleik annast Jónas Þórir.

Skemmtunin hefst kl 20.00  
og er miðasala við innganginn

Miðaverð er kr 2000.

*Nánar auglýst í næsta Vita*

## 17. júní 2008 í Skaftárhreppi

### Umsókn um styrki til íþrótt- og æskulýðsmála í Skaftárhreppi 2008

Æskulýðs- og íþróttanefnd Skaftárhrepps óskar eftir aðilum til að sjá um hátíðarhöld í Skaftárhreppi á þjóðhátíðardeginum 17. júní næstkomandi, gegn greiðslu.

Tilvalið fyrir félagasamtök.

Þeir sem áhuga hafa á að taka verkefnið að sér eru beðnir um að hafa samband við formann æskulýðs- og íþróttanefndar, Þorstein M. Kristinsson, með því að senda tölvupóst, [thorstkr@ismennt.is](mailto:thorstkr@ismennt.is) eða í síma 8977944, fyrir **1. júní**.

Jafnframt óskar æskulýðs- og íþróttanefnd eftir umsóknum um styrki til íþrótt- og æskulýðsmála í Skaftárhreppi fyrir árið 2008. Markmið með úthlutun er að efla íþrótt- og æskulýðsstarf í Skaftárhreppi.

Um styrki geta sótt félög og aðilar sem sinna íþrótt- og æskulýðsstarfi í sveitarfélaginu eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi.

Umsóknum, ásamt greinargerð um starfsemi, skal skilað til formanns æskulýðs- og íþróttanefndar, Þorsteins M. Kristinssonar, með tölvupósti á netfangið [thorstkr@ismennt.is](mailto:thorstkr@ismennt.is).

Æskulýðs- og íþróttanefnd Skaftárhrepps.

### Vorhátíð, útskrift elstu barna, 20 ára afmæli Kærabæjar, Grænáninn dreginn að húni.

Vorhátíð Kærabæjar verður miðvikudaginn 4. júní. Hátíðin hefst kl. 14.00. Að þessu sinni höldum við upp á það að á árinu verður Kæribær 20 ára. Þeir sem vilja gleðja okkur með gjöfum vinsamlegast hafi samband við skólastjóra leikskólans. Fulltrúi Landverndar mætir og dregur Grænánann að húni í fyrsta sinn við skóla í Skaftafellssýslum. Við hvetjum alla velunnara leikskólans til að koma og fagna með okkur á þessum mikla hátíðisdegi.

Starfsfólk Kærabæjar.

